

**3. fundur Starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 23. nóvember 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Gunnhildur Björnsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1610011 - Könnunarviðræður við Ás styrktarfélag**

Akraneskaupstaður óskað eftir afstöðu stjórnar Áss styrktarfélags til þess hvort til greina kæmi að taka þátt í byggingu og rekstri búsetukjarna á Akranesi fyrir fatlað fólk með mikla stuðningsþörf. Ás styrktarfélag sér sér ekki fært að svo stöddu að verða við beiðni Akraneskaupstaðar um samstarf.

*Starfshópurinn þakkar Ás styrktarfélagi fyrir kynningu á starfseminni og áhuga á samstarfi sem þau sjá sér ekki fært að fara í að sinni. Starfshópurinn mun kanna vilja Ás styrktarfélags til að taka aftur upp viðræðu um samstarf þegar ljóst verður um framkvæmd nýrra laga nr. 52/2016.*

**2. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

*Starfshópurinn vann drög að greinargerð, í samræmi við erindisbréf, sem vísað verður til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Einar Brandsson*

*Gunnhildur Björnsdóttir  
Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir*